

Island og íslensk vísindi erlendis.

I.

Mr. Adam Rutherford skrifar mér, að austur á Indlandi hafi bók hans „Icelands great Inheritance“ (Hinn mikli arfur íslensku þjóðarinnar) vakið svo mikinn áhuga, að hún hefir verið þýdd á þarlent mál, sem hann segir heita malayalam. Sendi hann mér þýðinguna, en eg þekki þar engan staf; er liklegt að fátt muni hafa verið um Ísland að lesa á því máli áður, og ekki ófróðlegt, að einmitt Buddhatriúarmönnum skuli þykja rit þetta svona merkilegt. En hijá þeim er stórum meira um spámannlega andagift en vestar í löndum.

Mr. Rutherford er mjög vongóður um að sá skilningur, sem hann heldur fram á þýðingu íslensku þjóðarinnar fyrir mannkynið, muni öðlast viðurkenningu heimsins, og er ekki í neinum efa um að þar standi að hin æðstu öfl tilverunnar. Væri betur að satt reyndist, því að þar liggar við öll framtíð eigi einungis þessarar þjóðar, heldur einnig annara. En ekki er þess að dyljast, að oftlegra hefir hið illa orðið hinu góða yfirlísterkara á þessum útjaðri vitheims, sem jörð vor er. Og enn er eins og skugga frá Viti leggi yfir jörðu vora, og þó að ótrú-

legt sé, þá er einn svartasti bletturinn einmitt hér á Íslandi, einsog eg veik á í grein hér í blaðinu í vor sem leið. Því að enn er ekki lokið óhamingju þessarar óhamingjusömustu þjóðar, og jafnvel aldrei verið meiri tvísýna á um framtíð hennar en nú. En góðs viti er það, að oss skuli einmitt á slíkum hættutímum hafa vakist upp annar eins vinur og Adam Rutherford er.

II.

Annar vinur minn, M. Gabriel Gobron, sendir mér pólskt blað — Hejnal minnir mig það heiti — sem er í þýðing ritgerðar eftir mig um eðli svefn og drauma. Kom sú grein fyrst í ensku tímariti, en síðan í frönsku, í þýðingu eftir Gobron. Mér þykir dálitið gaman að því, að þess skuli hafa þótt vert, að þýða þessa grein mína á pólsku, því að sálfraðingur sá, sem mér hefir þótt taka öllum öðrum fram þeim, sem eg hefi lesið nokkuð eftir, professor Ochorowicz, var Póverji. Maetti vel nefna hann Kóperníkus sálfraðinnar — en Kóperníkus var pólskur. — Ochorowicz er nú dáinn fyrir ekki allfáum árum, en hann hefði verið manna liklegastur til að sjá, að í ritgerð þessari, sem nú má lesa á pólsku, er einmitt verið að benda á hið nauðsynlega og mjög þráða nýja upphaf (new leparture) í líffræði, í hinni viðari merkingu þess orðs.

III.

M. Gabriel Gobron bað mig að skrifa eithvað, sem hann gæti þytt á frönsku, um viðhorf mitt til þess sem nefnt hefir verið andatrú eða andahyggja spiritisme, spiritualism). Gerði eg það, og hefir Gobron fengið greinina prentaða — með nokkum villum — í tímariti, sem heitir Annales du spiritisme, sept.—okt. heftið. Greinina nefndi eg: géologue devient métabiologiste: Jarðfræðingur gerist framlifsfræðingur. Hefi eg búið til orðið metabiosum lífið eftir dauðann. Nefni eg prótobios frumlif, slikt sem lifað er á útjaðars- eða útkjálkajörðum, einsog hér er; metabios: framlif, og diabios: hið sigursæla líf, þar sem komið er á braut ávalt vaxandi fullkommunar. Segi eg það ekki ósatt, að framtíð mannkynsins er undir því komin, að takist að koma þeim málum í rétt horf. En þar er við ramman reip að draga. Menn eru hinir fráhverfustu því á báða bóga, að vilja láta sér skiljast, að hér ræðir um útfærslu náttúrufræðinnar, og hana nauðsynlegri og þýðingarmeiri en nokkra, sem orðið hefir áður, en þó i eðli sínu ekki ólika þeirri, sem leitt hefir til hinnar nýju eðlisfræði. Þeir munu vera fáir ennþá spiritistarnir, sem vilja taka undir það, að ef andatrúin eða

framlifstrúin á að verða sigursæl, verður hún að hætta að vera andatrú og breytast í liffræði og heimsfræði: If spiritualism is to become completely a success, it must cease to be spiritualism. Og hinsvegar mun yfirgnaefandi meirihluti visindamannanna ekki hafa meiri trú á visindunum ennþá en það, að ætla þeim ofvaxið, að fára liffræðina þannig út, að hún komist á leiðina til þess að verða alliffræði og alheimsliffræði. Og ennþá er mjög erfitt að fá menn til að gesa því nokkurn gaum, sem þó er augljóst, ef athygli er viðhorf, að framtíð mannkyns er undir því komin, hvort þessi andlega aflraun tekst eða ekki. En hinar ömurlegu horfur nú, hér á jörðu, eru einmitt slikein sem búast má við á jarðstjörnu þar sem hinum mest áriðandi sannindum er litill gaumur gefinn.

24. sept.

Helgi Pjeturss.

Vinn Sverrislegstofnunar
1938